



Mennta- og barnamálaráðuneyti
b.t. skrifstofu ráðuneytisstjóra og innri þjónustu
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík 5. mars 2025

**Efni: Umsögn um drög að breytingu á lögum um framhaldsskóla (námsbrautir o.fl.),
mál nr. S-37/2025**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi um breytingu á lögum um framhaldsskóla (námsbrautir o.fl.), mál nr. S-37/2025. Samtökin fagna áherslum stjórnvalda á eflingu starfsnáms enda mikilvægt fyrir samkeppnishæfni Íslands að hér sé öflugt starfsnámskerfi sem mætir þörfum atvinnulífs og almennings. Samtökin vilja þó ítreka sjónarmið sem fram komu í umsögn um sama mál frá 2023, mál nr. S-157/2023.¹

Samkvæmt könnun Gallup, sem gerð var í tengslum við Menntadag atvinnulífsins árið 2024 um mannafla og færniþörf á íslenskum vinnumarkaði, skortir 50% iðnfyrirtækja starfsfólk með tiltekna færni eða menntun. Sama hvar lítið er, endurtekur íslenskt atvinnulíf sama viðkvæði, skortur er á fagmenntuðu starfsfólki, sérstaklega í iðn-, verk-, tækni- og STEAM greinum.

Að mati samtakanna hefur núverandi starfsnáms- og réttindakerfi í iðnaði sannað gildi sitt en mikilvægt er að lagfæra annmarka þess til að auka skilvirkni, bæta upplifun nemenda og tryggja gæði námsins. Af þeim sökum vilja samtökin leggja fram eftirfarandi athugasemdir.

I. Þörf á samþættingu námsbrauta og gæðakerfi í framhaldsskóla

Samtökin vilja koma á framfæri athugasemdum er varða 8. gr. draga frumvarpsins er varða fyrst og fremst iðnnámsbrautir í framhaldsskólum. Iðnnám byggist á öðrum forsendum en aðrar námsbrautir, þar sem námsbrautarlýsingar taka mið af starfslýsingum og hæfnikröfum viðkomandi greina, þar sem starfsréttindi eru lögvarin að loknu sveinsprófi.

Í þessu samhengi er nú til staðar óútskýrður munur á nokkrum brautarlýsingum innan sömu iðngreinar, sem veldur því að nemendur eiga erfitt með að flytja sig milli skóla og fá ekki nám sitt metið. Er þetta vandamál sérstaklega áberandi þegar vægi áfanga og einstakra námsþátta í námsbrautarlýsingum er mismunandi, sem og þegar sömu áfangaheiti og númer í faggreinum eru sett á ólík hæfniprep. Samtökin leggja því áherslu á samþættingu brauta í sömu iðngreinum og að innleidd verði gæðakerfi námsbrauta í lög um framhaldsskóla. Með slíkum aðgerðum væri hægt að tryggja að nemendur fái nám metið milli skóla og að nám sé í takt við þarfir atvinnulífsins, uppfært eftir síðustu starfslýsingum atvinnulífsins.

II. Vinnustaðanám og hlutverk framhaldsskóla

Í 12. gr. frumvarpsdraganna er lagður til nýr málslíður við 1. mgr. 30. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 sem kveður á um að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi teljist

¹ [Umsögn um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla \(vinnustaðanám, innritun o.fl.mál nr. 157/2023](#)

hluti af námsmati. Í því samhengi leggja samtökin áherslu á að rafræn ferilbók er fyrst og fremst skráning á framvindu nemanda á vinnustað með það markmið að meta hæfni hans. Hæfnimatið byggist á samningi milli meistara og nema, og samkvæmt núverandi fyrirkomulagi telst hæfni nemanda náð þegar hann hefur uppfyllt allar kröfur í rafrænni ferilbók, skráð þær sjálfur og fengið staðfestingu meistara.

Vilja samtökin ítreka fyrri afstöðu sína sem fram kom í umsögn samtakanna um áform til breytinga á lögum um framhaldsskóla dags. 11. september 2023, mál 154/2023, um að óhjákvæmilegt er, miðað við eðli vinnustaðanáms og uppbyggingu, að horfa á það mat sem þar fer fram með öðrum augum en hefðbundið námsmat í skólum enda er mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi. Telja því samtökin ekki rök hníga til þess að mat á hæfni nemenda í vinnustaðanámi sé skilgreint sem hluti af námsmati líkt og 12. gr. draga frumvarpsins um breytingu á 1. mgr. 30. gr. laga um framhaldsskóla ber með sér. Sé hugmyndin að fella mat á hæfni nemanda skv. rafrænni ferilbók undir fulltrúa skóla skv. áðurgreindu ákvæði, myndi það fela í sér grundvallarbreytingu á tilhögun vinnustaðanáms, sem samtökin gjalda varhug við.

Í greinargerð með drögum frumvarpsins um 12. gr. kemur m.a. fram að fulltrúar skóla og vinnustaðar meta hæfni nemenda samkvæmt hæfnikröfum starfsins. Þá segir jafnframt að ástæða þess að mat á hæfni nemanda teljist hluti af námsmati sé til þess að styrkja rétt nemandans til skýringa og úrlausnar ágreinings vegna mats á hæfni í vinnustaðanámi. Að mati samtakanna er afar óskýrt hver aðkoma fulltrúa skóla er í þessu samhengi í ljósi þess að eingöngu meistari hefur yfirsýn yfir hæfni og getu nemandans í verklegum þáttum á vinnustað. Staðfesting á hæfni nemenda í vinnustaðanámi og einstökum verkþáttum ferlibókar, nánar tiltekið námsmat í vinnustaðanámi, er og á að vera alfarið á forræði iðnmeistara og/eða tilsjónarfólks í umboði viðkomandi meistara. Samtökin kalla eftir auknum skýrleika með tilliti til ofangreindra athugasemda.

III. Jákvað breyting á ákvæðum um samninga við rekstur einkaskóla

Í frumvarpsdrögunum er fyrirhugað að endurskoða ákvæði laga um framhaldsskóla, nánar tiltekið 43. gr., sem snýr að samningum ríkisins um rekstur einkaskóla á framhaldsskólastigi. Samtökin taka undir mikilvægi þess að fara í slíkar lagabreytingar og telja tímabært að fara yfir og samræma skilgreiningar á hugtaka- og orðanotkun. Einnig þarf að leggja áherslu á að skýra stöðu samninga ríkisins við einkaaðila um rekstur framhaldsskóla og námsbrauta á framhaldsskólastigi, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á ytra umhverfi. Samtökin vilja benda á aðkallandi þörf á að hið opinbera geri samninga og auki fjármagn til aðila sem bjóða upp á raunfærnimat sem og dreif-, fjar- eða kvöldnám til að bregðast við mikilli eftirspurn eftir iðnmenntuðum.

IV. Lokaorð

Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum málsins. Samtökin vonast til þess að fá tækifæri til þess að gera nánari grein fyrir umsögn sinni.



Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, reading 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir', written over a horizontal line.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
Sérfræðingur í mennta- og mannauðsmálum
hjá Samtökum iðnaðarins